

5. janúar 2024

Yfirlýsing SHÍ til stuðnings palestínsku þjóðarinnar

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir yfir fullum stuðningi við palestínsku þjóðina og baráttu hennar fyrir tilverurétti sínum gegn [Ísraelskri nýlendustefnu og þjóðarmorði](#). Þrátt fyrir þau grimmdarverk sem voru framin í Ísrael 7. október 2023 réttlætir það ekki brot á grundvallarmannréttindum. Tryggja þarf tafarlausa mannúðaraðstoð og vopnahlé á Gaza.

SHÍ tekur undir með [yfirlýsingu starfsfólks Háskóla Íslands](#) og [yfirlýsingu Landssamtaka íslenskra stúdenta](#) um að bregðast verði við [ákalli Birzeit háskóla](#), enda beri háskólasamfélaginu öllu skylda til að gera svo og láta rödd sína heyrast.

SHÍ krefst þess að Háskólinn bregðist við stríðsglæpum Ísraelsríkis með jafn mikilli staðfestu og hann gerði [gegn Rússlandi árið 2022](#). Einnig tekur SHÍ undir með starfsfólki Háskóla Íslands um að sniðganga þurfi akademískar stofnanir í Ísrael og fyrirtæki sem styðja við stríðsrekstur Ísraelsríkis.

Rót átakanna fyrir botni miðjarðarhafsins á sér langa sögu af sívaxandi ólöglegu hernámi ísraelska stjórnvalda á palestínsku landi eins og [aðalritari Sameinuðu þjóðanna](#) bendir á. Nýlendustefna og landtaka Ísraels sem og árásir á almenna palestínska borgara fara gegn alþjóðlegum mannúðarlögum samkvæmt Sameinuðu þjóðunum¹ og [Amnesty International](#). Einnig brýtur aðskilnaðarstefna (apartheid) Ísraelsríkis bæði gegn [Genfarsáttmálanum](#) og [alþjóðlegum mannúðarlögum](#). Ekkert ríki er yfir alþjóðleg mannúðarlög hafin.

Sérstaklega mikilvægt er að mennta- og vísindastofnanir láti í sér heyra þegar mannréttindabrot eru framin og haldi staðreyndum á lofti, en falsfréttir og áróður hafa myndað klofning í alþjóðasamfélaginu. Líkt og kemur fram í yfirlýsingu frá starfsfólki

¹ Sjá skilgreiningu [Sameinuðu þjóðanna á stríðsglæpum](#) og [niðurstöðu allsheriarþings Sameinuðu þjóðanna 12. desember 2023](#).

Háskóla Íslands hefur vestrænt alþjóðasamfélag haldið uppi ríkjandi orðræðu sem afmennskuvæðir palestínsku þjóðina og skapar réttlætingu fyrir ítrekuðum fjöldamorðum á saklausum borgurum, þar á meðal þúsundum barna. Þar sem háskólamenntun er mikilvægur vegvísir að opnara og réttlátara samfélagi hvetja stúdentar Háskóla Íslands háskólastofnanir landsins sem og fræðasamfélagið í heild sinni til að halda staðreyndum á lofti, viðurkenna sögulegar rætur árásanna og varpa ljósi á valdaójafnvægi þjóðanna.

Fræðasamfélaginu ber að uppfylla akademískar skyldur sínar, byggja á staðreyndum, halda fjarlægð frá ríkisstyrktum áróðri og gera þá sem standa fyrir þjóðarmorði, sem og þá sem það styðja, ábyrga fyrir gjörðum sínum.²

SHÍ stendur með Palestínu í baráttunni fyrir friði og réttlæti. Að sama skapi líður SHÍ ekkert ofbeldi og tekur skýra afstöðu gegn múslimahatri, gyðingahatri og hvers kyns ofbeldi.

² [Sjá yfirlýsingu LÍS](#)